

sóknaraðilja í þinghaldi sama dag um framhaldsfrest til 3. febrúar 1987 í máli er sóknaraðili höfðaði á hendur varnaraðilja með stefnu þingfestri á bæjarþingi Hafnarfjarðar 2. september 1980 til heimtu skaðabóta fyrir líkamstjón. Í bæjarþingsmáli þessu hafði sóknaraðili ekki enn lagt fram greinargerð sína samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, er hann beiddist framhaldsfrestsins, og aðeins þrjú skjöl auk stefnunnar.

Sóknaraðili skaut úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 22. desember 1986. Barst hún Hæstarétti 26. janúar 1987. Krefst sóknaraðili þess að hinn kærði úrskurður, sem í kærinni er nefndur frávisunardómur, verði felldur úr gildi og málinu frestað til 3. febrúar 1987.

Frá varnaraðilja hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

Úrskurður héraðsdómara um að frestur verði ekki veittur í máli sætir ekki kæru til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 21. greinar laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1987.

Nr. 35/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ólafi Gunnarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Guðjón St. Marteinsson fulltrúi hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. greinar laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. janúar 1987 sem barst Hæstarétti 28. sama mánaðar. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kæra úrskurðar þessa var að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. janúar 1987.

Málsatvik:

Sl. sunnudag var Ólafur Gunnarsson f. 20.4. 1955 handtekinn á Keflavíkurflugvelli við komu til landsins frá Kaupmannahöfn.

Við leit á Ólafi fundust tæplega 500 grömm af hassi.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu og hér fyrir dómi viðurkenndi Ólafur að hafa keypt hassið í Kaupmannahöfn og flutt til landsins. Ólafur bar fyrir dómi í gærdag um tvær utanferðir sínar á síðasta ári og kvað þær ferðir ekki hafa tengst fíkniefnum á nokkurn hátt.

Eiginkona Ólafs, Stella Stefánsdóttir, hefur borið við lögreglu yfirheyrslur um margar utanferðir Ólafs á síðasta ári í því skyni að sækja fíkniefni. Stella greindi frá háum peningaupphæðum er Ólafur notaði til fíkniefna-kaupa ytra. Þá hefur Stella borið um fíkniefnameðhöndlun Ólafs hér á landi í dreifingarskyni í samvinnu við t.d. Tryggva Gunnarsson. Stella bar um utanför Ólafs á nafni Jóns Hannesar Stefánssonar og hefur Jón Hannes borið að Ólafur hafi tvívegis á síðasta ári ferðast á sínu nafni til útlanda og þá fundust við húsleit hjá Ólafi greiðslukvittanir á erlendan gjaldeyri á nafni Hannesar Stefánssonar.

Ólafur kvaðst hafa fest kaup á gjaldeyri fyrir kr. 100.000,- fyrir sína síðustu utanför.

Við húsleit á heimili Ólafs sl. sunnudag fundust að sögn lögreglu gögn er ótvírætt benda til fjármálatengsla Ólafs við aðra aðila máls þessa.

Niðurstöður:

Verið er að rannsaka meint brot Ólafs Gunnarssonar á lögum nr. 65, 1974 og rg. 16, 1986. Gætu meintar sakir, ef sannaðar þættu, varðað Ólaf

fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Mál þetta snýst um meintan stórfelldan innflutning Ólafs Gunnarssonar á fíkniefnum til landsins og er rannsókn málsins á algerðu frumstigi og ekki á þessu stigi tímabært að samprófa Ólaf við aðra aðila máls þessa. Eftir er að rannsaka mun ítarlegar fjármálahlíð máls þessa og yfirheyra Ólaf og hugsanleg vitni og/eða samseka.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu lögreglu um gæsluvarðhald yfir Ólafi Gunnarssyni. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður allt til kl. 16:00 miðvikudaginn 25. febrúar 1987.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ólafur Gunnarsson, fæddur 20.4. 1955, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. febrúar nk. kl. 16:00.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1987.

Nr. 36/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Gunnari Gunnarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. greinar laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1987 sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Hann krefst og málsvarnarlauða til réttargæslumanns síns.